



VIÐSKIPTARÁÐ ÍSLANDS

SKOÐUN VIÐSKIPTARÁÐS 9. JÚLÍ 2010

SKATTALEGAR BRO TALAMIR

- HINDRA ATVINNUUPPBYGGINGU

... umhverfi til rekstrar þarf að vera hagfellt og ekki síður stöðugt ...

Í kjölfar bankahrunsins hafa rekstrarskilyrði fyrirtækja versnað til muna. Til að byggja upp trausta atvinnustarfsemi liggur fyrir að umhverfi til rekstrar þarf að vera hagfellt og ekki síður stöðugt. Það er almenn skoðun innan atvinnulífsins að á Íslandi hafi skattlagning rekstrar verið hagkvæm með tiltölulega lágum og breiðum skattstofni með fáum frádráttarliðum. Hvati til að skattleggja tekjur á Íslandi var vegna þessa mikill. Skattstofnar stækkuðu því og samkeppnishæf skattþróenta skilaði þannig háum skatttekjum. Það sama verður ekki sagt um þær viðamiklu breytingar sem hafa átt sér stað undanfarna mánuði og breyttu annars ágætu skattkerfi til muna.

... það hringl sem einkennt hefur skattalöggjöfina gengur þvert á forsendur atvinnuuppbyggingar ...

Veruleg óvissa ríkir nú í skattamálum fyrirtækja. Takmarkaðar upplýsingar um væntanlegar tekjuöflunarleiðir ríkissjóðs fyrir næsta ár bæta ekki úr skák og gera það að verkum að ómögulegt er að gera langtímaáætlanir. Á meðan hvers lags snúningar á skattkerfinu virðast koma til álita hverju sinni hérlendis leggja aðrar þjóðir öðru fremur áherslu á stöðuleika og langtímastefnu. Það hringl sem einkennt hefur skattalöggjöfina hefur auk þess ýtt undir ósamræmi í skattlagningu hérlendis miðað við það sem gerist í samkeppnislöndum. Með því hefur verið gengið þvert á forsendur atvinnuuppbyggingar á Íslandi, sem getur reynst skaðlegt efnahagsþróuninni til lengri tíma lítið.

... nú ætti að leggja höfuðáherslu á að skattkerfið verði áfram samkeppnishæft við skattkerfi annarra þjóða ...

Við þær aðstæður og óvissu sem nú er uppi um fjármögnun íslensku bankanna og getu þeirra til að styðja íslensk fyrirtæki til vaxtar, auk almennrar efnahagslegrar ókyrrðar, er alls óásættanlegt að verið sé að leggja í svo viðamiklar skattkerfisbreytingar án samráðs við atvinnulífið. Eins og Viðskiptaráð hefur áður bent á er óvíst að breytingarnar muni skila tilætluðum árangri til að rétta af halla á opinberum fjárhag. Þvert á móti er hætt við öndverðum áhrifum þannig að þær heildartekjur sem skattleggjast á Íslandi lækki og skatttekjur minnki. Nú ætti því að leggja höfuðáherslu á að skattkerfið verði áfram samkeppnishæft við skattkerfi annarra þjóða og styðji þannig við vöxt atvinnulífs og þá vinnumarkaðar. Áframhaldandi einstefna stjórnvalda í aðra átt mun draga enn frekar úr forsendum öflugrar og fjölbreyttrar atvinnustarfsemi hér á landi.

... forsenda þess að efnahagslífið vaxi og dafni er að rekstrarumhverfi fyrirtækja styðji við atvinnurekstur ...

... nýlegar skattabreytingar eru í raun óhagkvæm leið að settu marki ...

... stjórnvöld þurfa að laga það sem misfarist hefur að undanfögnu ...

... skattkerfið þarf að hvetja til uppbyggingar á atvinnustarfsemi ...

STOÐIR HAGFELLDIS REKSTRARUMHVERFIS

Forsenda þess að efnahagslífið vaxi og dafni er að rekstrarumhverfi fyrirtækja styðji við atvinnurekstur. Hér er að mörgu að huga, en nefna má aðgengi að fjármögnun, skilvirka fjármálaþjónustu, efnahagslegan og pólitískan stöðugleika, samkeppnisfæran vinnumarkað, sterka samfélagslega innviði, sjálfbæran rekstur hins opinbera sem og samkeppnishæft skattkerfi.

Óhætt er að segja að verulega skorti á að mörg ofangreindra atriða geti talist viðunandi. Þá má því ekki gleyma að þættir góðs rekstrarumhverfis standa ekki óstuddir, heldur mynda saman þann grunn sem rekstur byggir á. Það nægir því tæpast að nokkrir þeirra teljist ásættanlegir til að hér teljist hagfellt að reka fyrirtæki – hvað þá til að laða til landsins erlend fyrirtæki eða fjárfesta.

Engu að síður er ljóst að skattkerfi hvers lands telst til mikilvægrar grunngerðar atvinnulífs og ræður þróun þess, sérstaklega hvað varðar tækni- og hugverkafyrirtæki í alþjóðlegri starfsemi. Undanfarin misseri hefur annars ágætu íslensku skattkerfi verið breytt á margvíslega vegu. Í þessum breytingum felst viðleitni stjórnvalda til að loka því hundruð milljarða fjárlagagati sem við blasti eftir bankahrunið. Nýlegar skattabreytingar eru hins vegar í raun óhagkvæm leið að settu marki, eins og rætt verður nánar hér að neðan.

Fyrirtæki sem starfa á alþjóðlegum mörkuðum þurfa jafnframt að búa við stöðugleika í skattkerfinu. Tíðar og umfangsmiklar breytingar vega að rekstrarumhverfi þeirra og skekkja samkeppnisstöðu á markaði. Sú stefna sem stjórnvöld hafa markað í baráttunni við fjárlagahallann getur því haft, og virðast vera að hafa, afdrifaríkar afleiðingar fyrir uppbyggingu atvinnustarfsemi á Íslandi.

SKAMMSÝNAR SKATTABREYTINGAR

Það skattaumhverfi sem íslenskum fyrirtækjum er búið í dag er, því miður, ófyrirsjáanlegt og flókið og að sumu leyti lakara því sem gerist í nágrennalöndum. Því er ekki óeðlilegt að forsvarsmenn fyrirtækja kanni hvort hag þeirra sé betur borgið annars staðar. Að þessu þurfa stjórnvöld að huga, laga það sem misfarist hefur að undanfögnu og draga þannig úr hvata til landflóttu fyrirtækja svo að verðmætasköpun og störf haldist innanlands.

Flókin og ósamkeppnishæf skattkerfi gera það einnig að verkum að fyrirtæki leita löglegra leiða til að greiða lægri skatta. Oft og tíðum er afleiðing þess sú að stærri hluti af starfsemi þeirra færist út fyrir landsteinana sem leiðir til þess að stærri hluti tekna fyrirtækja verður skattlagður erlendis. Óbreytt skattastefna getur því kynt undir ástandið á vinnumarkaði sem þegar er viðkvæmt og veikt skattstofna framtíðarinnar.

Það er þó ekki ósennilegt að einhver af þeim tækni- og hugverkafyrirtækjum sem hafa vaxið og dafnað hérlendis undanfarin ár flytji af landi brott óháð núverandi ástandi. Hinsvegar er brýnt að tryggja að umhverfi reksturs sé með þeim hætti að þau verði sem fæst og að næsta kynslóð slíkra fyrirtækja verði til og festi rætur hérlendis. Til að svo megi verða þarf skattkerfið að hvetja til uppbyggingar á atvinnustarfsemi.

... nokkrar áberandi brotalamir eru á íslenskri skattalöggjöf ...

... íslenskt fyrirtæki sem greiðir af láni sínu til erlends lánveitanda skal skila til ríkissjóðs hluta af vaxtagreiðslunni ...

... mögulegt er að ná þessu markmiði með einfaldari og skilvirkari leiðum ...

HVAÐ PARF AÐ BÆTA?

Afar ólíklegt er að eitt sértækt atriði í skattalöggjöfinni valdi því að fyrirtæki flytji úr landi heldur er um að ræða heildaráhrif allra skattabreytinga. Engu að síður eru nokkrar áberandi brotalamir á íslenskri skattalöggjöf, sem stuðla að því að íslensk fyrirtæki kanna hvort frjórri jarðveg sé að finna utan Íslands.

Hér á eftir má finna nokkur af þeim atriðum í skattalöggjöfinni sem veikja samkeppnisstöðu fjölbjóðlegra fyrirtækja sem staðsett eru hérlendis. Þau eiga það sammerkt að lítið hefur verið um þau fjallað í almennt umræðu og að auðvelt er að færa þau til betri vegar. Þá eru óátalin fjölmörg önnur atriði sem uppi eru í rekstrarumhverfinu og geta valdið fyrirtækjum erfiðleikum í rekstri. Þar má nefna m.a. gjaldeyrishöftin, hátt vaxtastig, slök kjör á innlendri fjármögnun, stórhækkaðan fjármagnstekjuskatt og tryggingargjald, skert aðgengi að greiðslutryggingum og takmarkaða vernd erlendra fjárfestinga.

I. AFDRÁTTARSKATTAR Á VAXTAGREIÐSLUR TIL ERLENDRA AÐILA

Skattlagningin felur í stuttu máli í sér að íslenskt fyrirtæki sem greiðir af láni sínu til erlends lánveitanda skal halda eftir og skila til ríkissjóðs ákveðnu hlutfalli af vaxtagreiðslunni. Auk þess að ná til vaxtatekna af þessu tagi nær skattlagningin jafnframt til þeirra sem myndast af bankainnstæðum, verðbréfa- og fjárfestingarsjóðum og öðrum fjármálagningum.

Í orði hljómar þetta líkt og skattlagningin hafi ekki áhrif á innlend fyrirtæki enda ætti skatturinn að vera greiddur af tekjum hins erlenda lánveitanda. Í flestum tilvikum er staðreyndin hins vegar önnur, því í nær öllum lánasamningum á alþjóðlegum mörkuðum eru ákvæði um að ef nýjar álögur (t.d. afdráttarskattar) eru lagðir á lánveitanda, þá ber lántaki þann kostnað. Allar breytingar af þessu tagi skulu þannig vera að skaðlausu fyrir hinn erlenda lánveitanda, sem þýðir þá að fjármagnskostnaður íslenskra fyrirtækja eykst fyrir vikið. Vart er á það bætandi í því árferði sem ríkt hefur á fjármagnsmörkuðum undanfarna 18 mánuði. Þannig þrengir reglan líka möguleika íslenskra fyrirtækja til að sækja sér fjármagn, þar sem kjörin eru óhagstæð nema í þeim fáu ríkjum þar sem fyrir liggur tvísköttunarsamningur þar sem samið hefur verið um að enginn skattur skuli lagður á vaxtagreiðsluna.

Tilgangur skattlagningarinnar var góðra gjalda verður, þ.e. að skerpa á framkvæmd og skilvirkni skattheimtu og draga úr skattaundanskotum. Hins vegar var vel mögulegt að ná því markmiði með einfaldari og skilvirkari leiðum án þeirra neikvæðu hliðarverkana sem afdráttarskattur af þessu tagi hefur í för með sér. Viðskiptaráð fjallaði einnig um þetta atriði í skoðun sem birt var í júní 2009, [sjá hér](#).

II. SÖLUHAGNAÐUR OG ENDURSKIPULAGNING FYRIRTÆKJA

Vegna reglna um jöfnun yfirfæranlegs taps fyrri ára á móti söluhagnaði er fyrirtækjasamstæðum í endurskipulagningu, sem gera upp í erlendri mynt, gert nær ómögulegt að færa til félög innan samstæðunnar. Þetta stafar af því að við slíkan flutning skapast nær ávallt hagnaður vegna veikingar krónunnar og skattalegrar meðferðar söluhagnaðar í skattskilum.

... fyrirtækin hafa ekki tök á að jafna umrætt tap á móti hefðbundnum rekstrartekjum sínum ...

... því er líklegt að fyrirtæki sem eiga uppsafnað tap flytji arð ekki heim því það vinnur gegn skattafrádrætti þeirra ...

... rétt væri að virkja þá heimild í lögum að hægt sé að fá bindandi forúrskurði í skattamálum ...

... sú pólitíska hugmyndafræði sem ræður ferð í nýlegum skattabreytingum virðist á kostnað hagkvæmni ...

Þessi hagnaður er undanþeginn skatti, en ef fyrirtæki hafa yfirfæranlegt tap frá fyrri árum þá þurfa þau að jafna það á móti hagnaðinum. Fyrirtækin eru því að greiða skatt fyrir í því formi að nýta uppsafnað tap. Fyrir vikið þá hafa fyrirtækin ekki tök á að jafna umrætt tap á móti hefðbundnum rekstrartekjum sínum. Þessi regla gerir það því að verkum að uppbygging alþjóðlegra samstæðna verður óhagkvæmari hér á landi en víða erlendis.

III. SKATTUR Á ARÐSTEKJUR FRÁ ERLENDUM DÓTTURFÉLÖGUM

Líkt og gildir um söluhagnaðinn sem nefndur var að ofan þá er arður móðurfélags frá dótturfélagi almennt undanþeginn skatti. Nú er löggjöfinni hins vegar þannig háttáð að færa þarf slíkan arð á móti uppsöfnuðu tapi fyrri ára. Í raun er arðurinn því tvískattlagður þar sem búið er að skattleggja hagnað dótturfélagsins í heimaríki þess.

Hér eru fyrirtæki aftur að glata þeim möguleika að færa tapið á móti hefðbundnum rekstrartekjum sínum. Það er því líklegt að fyrirtæki sem eiga uppsafnað tap flytji arð ekki heim þar sem það vinnur gegn þeim skattafrádrætti sem fyrirtækið hefur á móti öðrum tekjum. Þetta leiðir því til þess að arðgreiðslur koma ekki til landsins og fjármununum er haldið eftir í erlendum dótturfélögum. Auk þess óhagræðis sem reglan skapar má velta upp sanngirni hennar þar sem fyrirtæki sem standa betur og eiga ekki uppsafnað tap njóta þess að tekjurnar eru skattfrjálssar.

IV. BINDANDI FORÚRSKURÐIR UM SKATTAMÁL

Í núverandi efnahagsástandi sem einkennist m.a. af fjárhagslegri endurskipulagningu fjölda fyrirtækja og tíðum breytingum á skattkerfinu er uppi töluverð óvissa um skattalega meðferð ýmissa tekna. Ein afleiðing þessa er að mörg fyrirtæki eiga erfitt með að gera langtímaáætlanir. Til að taka á þessu vandamáli væri rétt að virkja þá heimild í núverandi lögum að hægt sé að fá bindandi forúrskurði í skattamálum. Þrátt fyrir að þessi heimild hafi verið í lögum í fjölda ára hafa afar fáir úrskurðir verið kveðnir upp. Skilvirkari afgreiðsla slíkra úrræða myndi draga úr óvissu og hafa jákvæð áhrif á rekstarumhverfi fyrirtækja.

DÝRKEYPTUR EINLEIKUR Í SKATTAMÁLUM

Við undirbúning og framkvæmd þeirra skattabreytinga sem komið hafa til framkvæmda síðasta árið hefur verulega skort á að nægilegt samráð hafi verið haft við atvinnulífið og aðra hagsmunaaðila. Einnig hefur umræða um afleiðingar breytinganna verið afar rýr, sérstaklega þegar verulegt umfang þeirra er haft í huga. Einleikur stjórnvalda af þessu tagi og almennur skortur á samráði eykur líkur á mistökum við breytingar á skattalöggjöf og dregur enn frekar úr tiltrú atvinnulífis um að raunverulegur samstarfsvilji sé fyrir hendi hjá stjórnvöldum. Það að fyrirtæki séu jafnvel á faraldsfæti bendir til þess að sú pólitíska hugmyndafræði sem ræður ferð í nýlegum skattabreytingum sé á kostnað hagkvæmni. Íslenskt hagkerfi hefur ekki efni á slíkri forgangsröðum.

FYRIRTÆKI HRAKIN ÚR LANDI?

Vandinn er að mörgu leyti sá að þær brotalamir sem lýst er hér að ofan gera þeim fyrirtækjum erfitt fyrir sem íslenskt efnahagslíf hefur síst efni á að missa. Með breytingum á skattkerfinu sem draga úr samkeppnishæfi

... fyrsta skrefið er að laga þá vankanta sem nýlega hafa verið innleiddir ...

m.v. það sem tíðkast erlendis er í raun verið að stíga skref í þá átt að hrekja fyrirtæki úr landi. Fyrstu merki um fyrirtækjaflótta hafa þegar komið fram og hætta er á að þeim fjölgi.

Það hlýtur að þurfa að vera forgangsatriði nú að huga að langtímasjónarmiðum og veikja ekki framtíðartekjumöguleika skattkerfisins með skammsýnum og illa grunduðum breytingum sem leiða til þess að fyrirtæki sjái hag sínum betur borgið í lögsögu annarra landa. Þetta er þróun sem þegar hefur gengið of langt og vinda þarf ofan af áður en það verður of seint.

Fyrsta skrefið er að laga þá vankanta sem nýlega hafa verið innleiddir í annars hagfellt íslenskt skattkerfi og draga þannig úr því ósamræmi sem er í skattlagningu hérlendis miðað við það sem gerist í samkeppnislöndum Íslands.

Nánari upplýsingar veita Haraldur I. Birgisson aðstoðarframkvæmdastjóri Viðskiptaráðs og Björn Þór Arnarson hagfræðingur Viðskiptaráðs í síma 510-7100.